

Landbúnaðarráðuneyti
Hákon Sigurgrímsson
Sölvhólsögötu 7
150 Reykjavík

12. ágúst 2003
Tilvísun: UST20030600135/tb

Efni: Umsögn vegna innflutnings tegundarinnar *Artemia nyos*

Vísað er í bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 19. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna umsóknar um að fá að flytja til landsins tegundina *Artemia nyos* (Sea Monkeys).

Artemia nyos, manngert afbrigði af *Artemia salina* er liðdýr af flokki krabbadýra skilt krabbaflóm. Bestu vaxtarskilyrði tegundarinnar eru við 25° til 30° C en munur er á milli stofna. *Artemia salina* (*nyos*) lifir í mjög söltum vötnum þar sem seltumagnið er 30-35 ppt og getur lifað í ferskvatni í um 5 klukkutíma. *Artemia nyos* hefur aðallega verið ræktuð sem eins konar „leikfang.“

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn, og aflað annarra, en töluvert vantaði upp á að þau gerðu grein fyrir líffræði fyrrgreindrar tegundar. Umhverfisstofnun metur það svo að tegundin geti ekki lifað við aðstæður á Íslandi og leggst því ekki gegn innflutningi tegundarinnar fyrir sitt leyti.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Sviðsstjóri/fagstjóri

Árni Bragason
Forstöðumaður

